



BRÚIN

Félag Íslendinga í
Luxembourg

9. tbl. 2006, - 16. árg.
Nóvember 2006

Bazar International verður 2. - 3. desember 2006

Fyrsta helgin í aðventu er 2. - 3. desember. Þá verður hinn árlegi Bazar International haldinn í Foires Internationales í Kirchberg.

Opið er laugardag frá 12:00 - 19:00 og sunnudag frá 10:00 - 18:00.

Sölubásar á svæðinu verða frá rúmlega 40 löndum og flestir selja vörur og mat frá sínu heimalandi.

Allur söluágoði er gefinn til líknarféлага víðsvegar um heiminn. Eftirfarandi eru í Bazarnefnd:

Vala Björg Arnardóttir, formaður
Ingunn Guðmundsdóttir, gjaldkeri
Guðný Valborg Benediktsdóttir
Elísabet Einarsdóttir
Heiða Ingimundardóttir
Sigríður Bjarkadóttir
Tekla Skowronski

Það vantar sjálfbóðaliða til að afgreiða og aðstoða við ýmis störf, hluta úr degi eða eins og hver getur.

Áhugasamir hafi endilega samband:
Vala sími 621 674 427
Ingunn sími 691 741 858
Elísabet sími 621 363 734

Vonast er til að sjá sem flesta yfir helgina.

Bazarnefndin

Í þessu blaði:

Bazar International	1
Jólaball FÍL	1
Jólaguðsþjónusta	1
Íslenskuskólinn	1
Kosningaréttur	2
Fermingarfræðsla	2
Íslenskt jólahlaðborð	2
Halloweenball Spuna	3
Listafólk meðal FÍL	3
Aðventukrans	3
New World Theater	3
Börn, orðtök og málshættir	4
Litlu dálkarnir	4

Jólaball FÍL 17. desember 2006



Jólaball Félags Íslendinga í Luxembourg verður haldið þann 17. desember 2006 kl. 15:00 í Arizona Lounge í Contern. Húsið opnar kl. 14:00 Dansað kl. 15:00



Jólasveinar koma með góðgæti í poka fyrir börnin sem dansa í kringum jólatréð í sínu besta jólaskapi.



Boðið verður upp á heitt súkkulaði með þeyttum rjóma, kaffi og meðlæti, sem félagsmenn koma með að venju. Aðrir drykkir verða til sölu.

Vinsamleg tilmæli eru þau að allar fjölskyldur komi með eitthvað gott með sér, t.d. kökur, múffur, brauð, brauðertur, pönnukökur, vöffur,

kleinur eða eitthvð gott að maula eins og venja hefur verið undanfarin ár.

Stjórnin vonast til þess að sem flestar fjölskyldur sjái sér fært að mæta, dansa með börnunum og njóta samvista með löndum sínum hér í Luxembourg.



Jólaguðsþjónusta verður 23. desember 2006

Séra Sigurður Arnarson kemur frá London og heldur jólaguðsþjónustu í Mótmælendakirkjunni á 5 rue de la Congrégation í Luxembourg klukkan 14:00 á Þorlákssmessu.

Í för með sr. Sigurði frá London verður frábært hæfileikafólk á sviði tónlistar sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara.

Kaffi að lokinni guðsþjónustu verður ekki að þessu sinni.



Á næsta ári er fyrirhugað að hafa guðsþjónustur samkvæmt eftirfarandi dagsetningum:

23. mars 2007 kl. 14:00
13. maí 2007 kl. 14:00
7. okt. 2007 kl. 14:00

Kirkjunefndin



Á döfnni:

- Íslenskuskólinn
- Bazar International
- Jólaball 17. des. 2006
- Guðsþjónustur
- Símaskráin á netið
- Þorablót 10. feb. 2007

Íslenskuskólinn

Síðasti kennslutími haustannar verður 28. nóvember og í Internationalskólanum þann 29. nóvember. Eftir áramót hefst svo kennsla aftur 16. janúar 2007 og í Internationalskólanum 17. janúar 2007.

Stjórn FÍL

Þorablót FÍL er fyrirhugað 10. febrúar 2007



Kosningaréttur íslenskra ríkisborgara

Um kosningarétt íslenskra ríkisborgara sem búsettir eru erlendis.

Nú þurfa þeir, sem vilja vera á kjörskrá, en fluttu af landi brott fyrir 1. desember 1998 og hafa verið búsettir erlendis síðan, að senda umsókn til **Þjóðskrár** fyrir 1. desember 2006, til þess að halda kosningarrétti. Kosningarrétturinn gildir til 1. desember 2010. Kosningarréttinn þarf að endurnýja með nýrri umsókn eftir 1. desember ári áður en hann fellur niður.

Umsókn skal senda **Þjóðskrá** en eyðublöð fást í sendiráðum Íslands erlendis, sendiráðsskrifstofum, skrifstofum kjöræðismanna og hjá fastanefndum við alþjóðastofnanir. Einnig er hægt að fá eyðublöðin á afgreiðslu **Þjóðskrár** á heimasíðu hennar:

<http://www.thjodskra.is/media/eydublod/kjorskra.pdf>.

Umsækjandi verður sjálfur að undirrita umsókn sína.

Sé umsókn fullnægjandi verður umsækjandi tekinn á kjörskrá í því sveitarfélagi þar sem hann síðast átti lögheimili á Íslandi samkvæmt þjóðskrá.

Tilkynning

Draumur konu

Kona ein sat á bar ásamt vinkonum sínum eftir vinnudag, þegar hrikalega myndarlegur og rosalega sexy ungur maður gekk þar inn.

Hann var svo eftirtektafverður að konan gat með engu móti hætt að stara á hann. Ungi maðurinn tók eftir athyglinni sem hann fékk frá konunni, gekk beint til hennar og sagði.

Ég skal gera hvað sem er, "HVAÐ SEM ER" og hversu afbrigðilegt sem það er fyrir 2000 krónur með einu skilyrði.

Orðlaus af undrun spurði konan hvað þetta skilyrði væri.

Ungi maðurinn svaraði: Þú verður að segja mér hvað þú vilt að ég geri í aðeins þremur orðum.

Konan hugsaði tilboð hans um stund, byrjaði svo að telja peningana upp úr buddunni sinni og rétti unga mannum.

Hún horfði djúpt í augu hans og hægt og rólega svaraði hún:

ÞRÍFÐU HÚSIÐ MITT !!!!!!!!!!!!!

Viðförli netverjinn

Ástin og börnin

"Maður og kona lofa að fara í gegnum allt saman, líka Hvalfjarðargöngin."

Ómar, 7. ára

Fermingarfræðsla hjá íslenskum unglingum í Luxemborg

Fimm unglingar hafa nú verið skráð í fræðsluna í vetur og verður fræðslan að morgni 23. desember næstkomandi frá klukkan 10:30 - 12:00, 24. mars frá klukkan 10:30 - 12:00 og svo 12. maí frá klukkan 10:30 - 12:00 en staðsetning fræðslunnar verður tilkynnt síðar.

Miðannarfríin ber nú upp á sama tíma í febrúar 2007 og í London og því vil ég bjóða hópnum að koma á fermingarnámskeið í Skálholti 17 - 18. febrúar 2007 ásamt fermingarbörnunum frá London, en þau fara saman frá Heathrow flugvelli þann 16. febrúar 2007 um klukkan 20:30 með Icelandair.

Farið var í svona ferð með hóp frá London í október 2004 alls 15 unglingar og heppnaðist sú ferð alveg gríðarlega vel og má lesa lýsingar unglinganna sjálfra af ferðinni á www.kirkkjan.is/london undir prédikanir.

Námskeiðið er byggt upp sem samvera og lögð er áhersla á að hópurnir nái vel saman.

Kennd er bókinn "Fylgjum Jesú" og má nálgast hana hjá Kirkjuhúsinu að Laugavegi 31 í Reykjavík eða með því að senda framkvæmdastjóranum þar, henni Eddu Möller, tölvupóst á edda@skalholsutgafan.is.

Flestir unglingarnir fermast á Íslandi en þau sem vilja, geta fermst í Luxemborg samkvæmt nánara samkomulagi.

Ef einhverjar spurningar eru þá hikið ekki við að hafa samband við undirritaðan.

Sigurður Arnarson

Prestur Íslenska safnaðarins í Lundúnum/

Chaplain

Íslenska sendiráðinu í Lundúnum/Embassy

of Iceland in London

2A Hans Street

SW1X 0JE, London, England

Tel:+(44) 207 259 3999

FAX +(44) 207 245 9649

E-Mail: chaplain@utn.is



Íslenskt jólahlaðborð Arizona Lounge

Föstudagana 24. nóvember, 1. desember og 15. desember 2006.

Vilhjálmur Axelsson, matreiðslumeistari mun sjá um jólaveislurnar á Arizona Lounge í Contern.

FORDRYKKUR

FORRÉTTA HLAÐBORD

Rjómalöguð Sveppasúpa - Maríneruð Síld - Jóla Síld - Heitreyktur Lax - Graflax - Reyktur lax Sjávar Páté - Villibráða PÁTÉ - Grafið Lamb Reykt Svínasíða - Steikt Önd - Parmaskinka Hangikjöt

MEDLÆTI

Grænar Baunir - Rauðkál - Flatkökur - Rúgbrauð Rauðvínssóðnar Kartöflur - Waldorfsalat - Kartöflusalat - Piparrótarsósa - Graflaxsósa Hindberjasósa

HEITT AÐALRÉTTA HLAÐBORD

Hreindýr - Lambalæri - Þörusteik - Innbakaður Lax - Uppstúf - Rauðvínssósa - Villisveppasósa Hvítvínssósa Bætt Með Gulrót - Brúnaðar Kartöflur - Sóðnar Kartöflur

EFTIRRÉTTIR

Ávaxtakarfa - Franskur Jóladrumbur - Tíramísú Konfekt Marensterta Með Jarðberjum - Riz a la Mandle - Ostabakki

BORDAPANTANIR Í SÍMUM:

ARIZONA: 26 701 490

SIGRÚN: 621-192-422 DÖGG: 621-273-925

VERÐ 55€ MEÐ FORDRYKK

Píanistinn Leo Castellano leikur léttu "dinner" músík undir kvöldverði

FORDRYKKUR HEFST KLUKKAN 19:00
BORDHALD HEFST KLUKKAN 20:00

Arizona Lounge

Icekost

Íslenskur fiskur og fullt af íslensku hráefni. Spyrjist fyrir og pantið hjá Icekost. Netfang, icekost@t-online.de og síminn er +49 178 9055 862.

Smá misskilningur

Í þeirri útsendingu í útvarpi heyrðist maður biðja um óskalagið "Komdu Hilmar." Útvarpsmaðurinn skildi ekki neitt þangað til maðurinn sönglaði lagið.

Þá kom í ljós að hann að biðja um lagið "Konur Ilma" með Ný Dönsk!

Viðförli netverjinn



Ráðagóðahornið

Hárburstinn hreinsaður

Takið öll laus hár í burtu, leggið burstann í vatn og blandið saman við Corega gervitanna-hreinsitöflur. Slíkar töflur eru sóttthreinsandi og gott að nota við hárbursta.

Annað gott ráð við hárbursta er að setja hann (eftir að búið er að taka laus hár í burtu) í glas með töflu/kubbi fyrir uppþvottavélur í nokkrar klukkustundir, þrifa það mesta og þvo svo með leirtauinu í uppþvottavélinni. Eins og nýr á eftir.

Ritstjóri

Tónleikar Þórunnar



Þórunn Egilsdóttir hélt tónleika í Exclusive Show Café í WHITE í Luxembourg þann 18. október síðastliðinn, þar sem hún kynnti

nýtkominn disk "The moment in Between" ásamt eldri lögum.

Tónleikarnir voru alveg stórskemmtilegir og greinilegt að hér er á ferð frábær tónlistarmaður sem vert er að fylgjast með.

Heimasíða Þórunnar er www.thorunn.lu

Ritstjóri

Ástin og börnin

"Ég er með svolitíð margar freknur, svo að konan mín verður að hafa freknur líka."

Andri 6. ára

Katrín Friðriks

Opnun sýningarinnar Salon 2006 fór fram að viðstöddum hertogahjónunum í Luxembourg, borgarstýru, kúltúrminister og fleira fyrirfólki. Sigurvegari samkeppninnar var Dani Neumann. Sýningunni lauk þann 12. nóvember síðastliðinn. Lokaatriði sýningarinnar var með organistanum Dirk Elsemann sem flutti frumsamið orgelverk í

kirkjunni í Dudelange þann 14. nóvember sem var nokkurs konar óður til tólf verka sem hann valdi á



sýningunni (verkin voru alls 120) og Katrín átti þar tvær myndir. Katrínu var mjög vel tekið á sýningunni.

Katrín er með heimasíðuna <http://www.katabox.com> og nýjustu myndirnar eru undir "the little prince."

Íris Þorkelsdóttir

Halloweenball Spuna

Nornir, draugar, prinsessur í álögum og aðrir áhangendur fylktu liði til Bourglinster þann 11.11. (þó ekki klukkan 11.11. eins og drottning Bretlands!), en fengu ekki inni í kastalanum. Urðu því að láta sér lynda barnaskólann, því ekki var fýsilegt að aflýsa mótinu.

Spuni var sem sé að halda hið næsumþví árlega hrekkjavökumót og var þar vel mætt, um 135 vættir, stórar og smáar. Og til þess að gera nú mótið sem veglegast var fluttur inn magnaður galdravættur, hann Lalli, allaleið frá hinu alkunna seiðlandi elds og ísa. Honum tókst með töfrum sínum að galdra bros á öll andlit.

Ýmsar kynjaverur spunnu vefi upp um loft og vegg og ljáðu mótinu mystiskan blæ, svo mystiskan að sumum minnstu vættunum þótti sér ekki vært. Aðrar komu með kræsingar í pottinn, svo sem pönnukörtur, brúnkakkalacka og brauðtitlur, allt var þetta soðið í síru og fengu allir sinn skammt.

Í mótslok var haldinn nornadráttur (ha,ha,hó! halló!) og gáfu Cargolux og Richette vinninga til að fá frið frá draugagangi, en nornir gáfu seiðpotta, köngulær og leðurblökur sem þær voru búnar að fá leið á.

Búið ykkur undir næsta mót. Ykkur veitir ekki af ári, til að afstýra fari!

Þökkum allan stuðning og aðstoð.



Spunastjórn

Tónleikar Etta Cameron



The Danish Church Luxembourg Gospel-concert with Etta Cameron the most famous Danish gospel singer, Friday 1 december 2006, 8.00 p.m.,

Eglise de Cents, rue de Trèves. Ticket reservation: 15 EUR dankirke@pt.lu remaining tickets sold at the entrance on Dec. 1st.

Fréttatilkynning

Hummer H1

Samkvæmt fréttavef BBC var síðasti Hummer H1 framleiddur í júní.

Fyrsti Hummer-bíllinn var framleiddur árið 1992 af AM General. Árið 1999 keypti GM réttinn af bílnum og í kjölfarið komu H2 og H3 gerðir af Hummer.

Hummer H1 er 4,5 metra langur og vegur 4 tonn. Hann eyðir rúmlega 22 lítrum af bensíni á hundraðið og hefur orðið eins konar stöðutákn margra Bandaríkjamanna, þar á meðan Arnold Schwarzenegger. Salan á H1 hefur fallið á síðustu misserum og hefur GM því ákveðið að veðja á H2 og H3 gerðirnar þar sem þær eiga að höfða frekar til almennings.

Fréttatilkynning

Aðventukransinn og desemberfasta

Spádómskerti heitir fyrsta kertið sem kveikt er á, það á að minna á fyrirheit spámanna Gamla testamentisins, sem höfðu sagt fyrir um komu frelsarans.

Betlehems-kertið heitir næsta kerti og er það nefnt eftir fæðingarþæ Jesús, bænum þar sem ekkert rúm var til fyrir hann.

Hirðakertið er það þriðja og er nefnt eftir hirðingjunum sem fengu fyrstir fregnina góðu um fræðingu frelsarans.

Fjórða og síðasta kertið er Englakertið, sem nefnt er eftir englunum sem fluttu fréttina um fæðingu frelsarans.

Aðventukransar fóru ekki að vera almennir á Íslandi fyrr en eftir síðari heimstyrjöldina, fyrst sem skraut í einstaka búðargluggum og á veitingahúsum en breiddust hægt út og fóru að vera almennir á árunum eftir 1960 og eru í dag á mjög mörgum íslenskum heimilum.

Að fasta fyrir jól var áður fyrir lögboðið, stundum miðað við Andrésarmessu 30. nóvember en oftast var miðað við fjórða sunnudag fyrir jól. Þaðan eru sprotnir aðventusiðir síðari tíma.

Þegar fastað var í katólskum sið var ekki borðað kjöt. Erfitt er að geta sér til um hvers vegna fastað var á þennan hátt en það má ímynda sér að það hafi komið til vegna þess að haustlátrun var þá lokið fyrir nokkru og þá fékk fólk nægt nýmeti og því tímabært að hvíla meltingarfærin. Ennfremur að þegar komið var fram á þennan árstíma stóð fengitími yfir svo heppilegast var að þurfa ekki að slátra strax aftur.

Desemberfasta er í kristnum sið hugsuð sem undirbúningstími fyrir fæðingarhátíð Frelsarans. Hún heitir á latínu adventus sem merkir "tilkoma". Af því er tökuorðið aðventa tilkomið og var frá miðri 14. öld notað jöfnum höndum við jólaföstu sem jafnan stendur í elstu lagahandritum.

Viðförla Netverjinn

New World Theater

NEW WORLD THEATER COMPANY in association with the Luxembourg and Greater Region European City of Culture 2007 presents

DREAM 2007

A programme of workshops in acting, dance, music & gymnastics leading to a multi-lingual production of Shakespear's A MIDSUMMER NIGHT'S DREAM

Workshops start in january 2007

For more information see

www.nwtc.lu/dream2007

tel: 26 37 40 64

chris.albrecht@internet.lu

barbara.hall@internet.lu



Félag Íslendinga í Luxembourg

Association des Islandais à Luxembourg
12 enner der Haerdchen
L-6170 Godbrange

Umsjón fréttablaðs:
Guðbjörg Steinarrsdóttir, ritstjóri
Matthildur Kristjánsdóttir, ábyrgðarmaður
bruin@islandus.net

BGL: LU62 0030 0379 1724 0000
Gjalddagi félagsgjalda er 1. apríl

BRÚIN

www.islandus.net

Stjórn Félags Íslendinga í Luxembourg 2006-2007

Matthildur Kristjánsdóttir, formaður,	787 0771,	621 142 060	fil@islandus.net
Ingvi K. Guttormsson, ritari	350 206,	621 295 185	ikg@email.lu
Ólafur Ólafsson, gjaldkeri	26665 326,	621 365 895	island@pt.lu
Birna Björnsdóttir, meðstjórnandi	2670 1540,	621 375 875	birnabs@pt.lu
Guðbjörg Steinarrsd., meðstjórnandi,	365 163,	691 637 888	gst@gmx.co.uk
Óskar Bragi Sigbórsson, varamaður,	2694 5006,	691 348 737	oskars@islandus.net

Íslenskuskóli Félags Íslendinga í Luxembourg

Elsa Dórothea Kjartansdóttir	621 275 779	edk3@hi.is
Heiða Ingimundardóttir	691 757 767	hei5@hi.is
Dagný Broddadóttir	621 541 292	dagny@vma.is

Stjórn Kirkjunefndar 2006-2007

Eyjólfur Hauksson	formaður,	768 545
María Huesmann		358 556
Sólveig Stefánsdóttir		789 341
Agnar Sigurvinsson		435 183
Sigurður Kristinsson		787 710

Stjórn leikklúbbsins Spuna

Bryndís Kristjánsdóttir	formaður,	341 882	spuni@islandus.net
Stella Jóhannesdóttir	ritari,	357 064	stella26@pt.lu
Íris Þorkeldsdóttir	gjaldkeri,	780 510	iristhorkels@yahoo.co.uk

Stjórn Íslandsdeildar Bazaar International í Luxembourg

Vala Björg Arnardóttir	formaður,	26 945 378
Ingunn Guðmundsdóttir	gjaldkeri,	26 945 006

Félagsgjöld Félags Íslendinga í Luxembourg

Félagsgjöld eru € 40 á mann eða € 80 á hjón. Eindagi félagsgjalda er 1. apríl. Vinsamlegast greiðið félagsgjöld á bankareikning félagsins. Reikningur hjá BGL númer LU62 0030 0379 1724 0000, setjið nafn greiðanda sem tilvísun.

Litlu dálkarnir

Smáauglýsingar

Til leigu

Í Hostert er hús til leigu, 4 herb. Alls 160 fm + bílskúr. Laust fljótlega. Leiga pr. mán. 1.900€. Upplýsingar í síma 621 674 427.

Símanúmerabreyting

Öll Gsm númer í Luxembourg munu breytast þannig að í stað 021 eða 091 í byrjun hvers númers verður að hringja í 621 eða 691. Hægt er að hringja í bæði númerin til 1. febrúar 2007.

Frankfurt-Hahn

Upplýsingar um komu og brottfarir flugvéla á flugvöllinn Frankfurt-Hahn eru veittar í síma +49 6543 509 113.

Símaskrá

Breytingar

Nökkvi Sveinsson
Áslaug Guðmundsdóttir
7 an der Uecht
L-5372 SCHUTTRANGE

Tilkynningar

Sundlaugin í Bonnevoie er nú opin fyrir almenning.

Opnunartími sundlaugar:

Mánudagur 8:00 - 20:30

Þriðjudagur 7:00 - 20:30

Miðvikudagur lokað

Fimmtudagur 7:00 - 20:30

Föstudagur og laugardagur 8:00 -

20:30 og sunnudagur 8:00 - 12:00.

Nánari upplýsingar eru veittar í síma 4796-3471.

Selja / kaupa

Brúin er tilvalin til þess að auglýsa það sem fólk vill kaupa eða selja í Luxembourg. Fólk er alltaf að koma og fara. Einnig er hægt að birta auglýsingar eða tilkynningar á netinu á www.islandus.net, endilega sendið inn tilkynningar eða efni á bruin@islandus.net

Símaskráin á netinu

Stjórn Flí hefur ákveðið að setja símaskrá félagsins á netið þ.e. á netsíðuna www.islandus.net. Þeir sem ekki vilja að upplýsingar um sig

og sína fari á netsíðuna, vinsamlegast látið stjórn félagsins vita fyrir 1. desember á símaskrafíl@islandus.net.

Allar upplýsingar í símaskránni þaðan í frá eru á vefsíðunni og ef einhver þarf að breyta upplýsingum um sig og sína þá breyta þeir því sjálfir á sömu síðu eða hafa samband á ofangreint netfang.

Áhugaverðar heimasíður

Luxembourg
www.adclux.info
www.e-ticket.lu
www.luxembourgticket.lu
www.poppconcerts.de
www.rbenedikta.com
www.show.lu
www.topsquash.lu
www.thorunn.lu

Belgía

www.sportpaleis.be
www.botanique.be
www.forestnational.be
www.ancienne-belgique.be

Víðar

www.dohop.com
www.easybycoach.com

Munið eftir að kíkja á www.islandus.net

Ritstjórastjall

Undanfarna mánuði hefur ekki verið pláss í Brú Félags Íslendinga í Luxembourg fyrir svokallað ritstjórastjall. Ritstjóri syrgir það ekki því þá er blaðið fullt af skemmtilegra efni.

Í síðustu útgáfum hafa fastir þættir verið felldir út til þess að rýma fyrir áhugaverðara efni. Það þýðir þó ekki að föstu þættirnir séu hættir, þeir verða áfram svo lengi sem efni er til.

Kærar þakkar til allra þeirra sem senda inn efni.

Guðbjörg Steinarrsdóttir
Ritstjóri

Börnin búa til sín eigin orðtök og/eða málshætti, skoðum nánar;

“Oft fer presturinn í aðra sálma”